

Innra mats skýrsla vor 2025

Oddeyrarskóli
Akureyrarbær

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Ytra mat	4
Starfsáætlun um innra mat	4
Niðurstöður innra mats skólaárið 2024-2025	4
Stjórnun og fagleg forysta, matsþættir sem þarfnast umbóta skólaárið 2025-2026	5
Nám og kennsla, matsþættir sem þarfnast umbóta skólaárið 2025-2026	6
Heildarniðurstaða innra mats skólaárið 2024-2025	7
Umbótaáætlun skólaársins 2025-2026	8
Nám og kennsla	8
Stjórnun og fagleg forysta	14
Lokaorð	15

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um ytra og innra mat á skólastarfi Oddeyrarskóla. Megináhersla gæðateymis í innra mati á skólaárinu 2024-2025 er mat á námi og kennslu og meta þætti í umbótaáætlun í kjölfar vorskýrslu Oddeyrarskóla 2024.

Skólinn fór síðast í ytra mat haustið 2015 en það mat var framkvæmt af Menntamálaráðuneyti. Umbótum var að fullu lokið í júní 2022 og við tekur kerfisbundið innra mat sem byggir á gæðakerfi skólans og reglubundnu mati á því. Skýrslu lýkur með umbótaáætlun.

- **Helstu matsþættir innra mats skólaárið 2024-2025.**
 - Innra mat (2020-2021)
 - Náam og kennsla (2021-2022)
 - Stjórnun og fagleg forysta (2022-2023)
 - Innra mat (2023-2024)
 - Náam og kennsla (2024-2025)
 - Umbótaáætlun vor 2024

Umbótaáætlun vor 2024 vegna stjórnunar og faglegrar forystu	Náam og kennsla 2024-2025
● Mat á starfi frístundar ● Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	● Inntak og námskrá ● Árangur ● Gæði kennslu ● Skipulag náms ● Námsvitund ● Ábyrgð og þátttaka

Við lok skólaársins 2025 er búið að meta alla þætti úr námi og kennslu skv. gæðalistum menntastefnu Akureyrarbæjar. Í matinu er miðað við matsviðmið Akureyrarbæjar svo matið er yfirgrípsmikið. Hér fyrir neðan má sjá hvernig gæðaráð, starfsfólk skólans, nemendur og aðrir

hagsmunaaðilar lögðu mat á stöðuna út frá gæðaviðmiðum skólans. Athygli vekur að sumir þættir sem metnir voru skv. viðmiðum A - dökkgrænir vorið 2022 eru nú ljósgrænir. Ekki er um afturför að ræða heldur hafa viðmið um gæðakennslu verið aukin.

Áætlun Oddeyrarskóla til fjögurra ára er að finna á [heimasíðu skólans](#) en þar verður þessi skýrsla einnig birt.

Gæðateymi Oddeyrarskóla 2024-2025

Anna Bergrós Arnarsdóttir, Fjóla Kristín Helgadóttir, Margrét Th. Aðalgeirsdóttir, Halldór Arason, Jónas Leifur Sigursteinsson, Yrsa Hörn Helgadóttir og Kolbrún Sjöfn Magnúsdóttir.

Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi Oddeyrarskóla í október 2015. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik - og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttáð sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. Skýrsluna má sjá hér. Umbótum er nú lokið og innra mats skýrsla og umbætur í kjölfar innra mats hafa tekið við og unnið samkvæmt langtímaáætlun skólans um innra mat.

Starfsáætlun um innra mat

Í gæðaráði Oddeyrarskóla sitja skólastjóri, tveir deildarstjórar og fjórir fulltrúar kennara en þrír af þeim eru jafnframt teymisstjórar á stigi og hafa umsjón með innleiðingu leiðsagnarnáms. Gæðaráð hittist vikulega og fór yfir þau verkefni sem sett höfðu verið upp í starfsáætlun gæðaráðs fyrir árið 2024-2025. [Starfsáætlun gæðaráðs fyrir skólaárið 2024-2025](#) má finna hér. Starfsáætlun var unnin að hausti 2024 og gekk vel að fylgja henni eftir á skólaárinu.

Meginmarkmið gæðaráðs þetta skólaár var að meta nám og kennslu með tilliti til gæðaviðmiða Akureyrarbæjar. Þá var rýnt í umbótaáætlun frá vori 2024 og hvernig tekist hefur til við að bæta þá þætti sem þar koma fram að þarfnist úrbóta.

Niðurstöður innra mats skólaárið 2024-2025

Í þessum kafla er rætt um niðurstöður innra mats.

Innra mat. Viðmið Akureyrarbæjar, vor 2021 og vor 2024
Stjórnun og fagleg forysta, Viðmið Akureyrarbæjar, vor 2023
Nám og kennsla Viðmið Akureyrarbæjar, vor 2022 og vor 2025
[Matslistar Akureyrarbæjar 6. útgáfa.](#)

Umbótaáætlun vorið 2024 [af heimasíðu](#)
Viðmið skólans - sjá [Matsáætlun Oddeyrarskóla](#)

Í niðurstöðukafla er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans, það er að segja hvernig hefur gengið að ná þeim fram.

- Gögn: Niðurstöður mats - matslistar, rýnihópar, mat á kennslu, gátlistar.
 - Matið sjálf fer þannig fram að matsteymi og/eða önnur teymi fara yfir öll gögn, ræðir niðurstöður og ber saman viðmiðin.
 - **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
 - **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
 - **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
 - **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun og fagleg forysta, matsþættir sem þarfnast umbóta skólaárið 2025-2026

Stjórnun og fagleg forysta matsþættir vor 2025	Helstu umbætur ef ekki dökkgrænt
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Innra mat nær til frístundastarfs og gæðaviðmið MMR/Rvkborgar (eða sambærilegt) nýtt til innra og ytra mats. Skólinn stendur fyrir fræðslufundi á haustin fyrir fulltrúa foreldra og grenndarsamfélags sem gegna trúnaðarstörfum í stjórnun og ráðum skólans.

Nám og kennsla, matsþættir sem þarfnast umbóta skólaárið 2025-2026

Nám og kennsla vor 2025	Helstu þættir úr gæðaviðmiðum sem þurfa umbætur ef ekki dökkgrænt
Inntak og námskrá	Grunnþættir eru hafðir að leiðarljósi við námsskipulag og viðfangsefnum skólanna gerð skil. Grunnþættir stýra vali á viðfangsefnum en tryggt er að jafnframt sé tekið á viðfangsefnum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Grunnþættir stýra vali á viðfangsefnum en tryggt er að jafnframt sé tekið á viðfangsefnum Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í námsvísum og áætlunum um nám. Í námsvísum kemur fram hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni allra nemenda. Í áætlun um sérstakan stuðning við nemendur kemur fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er háttað hverju sinni. Áætlun um sérstakan stuðning. Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur fer að jafnaði fram innan námsumhverfis bekkjarins. Markmið eru metin reglubundið.
Árangur	Fjölbreyttar námsmatsaðferðir eru notaðar. Nemandinn er virkur þátttakandi í mati á eigin framförum, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum um námsmat sem liggja til grundvallar í kennsluáætlunum út frá hæfniviðmiðum.
Gæði kennslu	Í einstaklingsnámskrám er tilhögun stuðnings við einstaka nemendur skráð og sá stuðningur er metinn reglulega. Einstaklingsnámskrá tekur mið af námsvísum og áætlunum hópsins. Markmið kennslu og verkefna eru skráð í námsáætlunum og í tengslum við aðalnámskrá. Nemendur þekkja eigin námsstíl og hafa val um margvíslegar leiðir að markmiðum sínum.
Skipulag náms	Formleg leiðbeinandi samtöl fara fram á milli kennara og nemenda um nám og námsframvindu nemandans. Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt til náms og verkefni nemenda bera þess merki.
Námsvitund	Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum. Nemendur gera sér grein fyrir þeim hæfniviðmiðum og leiðum sem þeir þurfa að vinna að til að ná markmiðum sínum og árangri í námsverkefnum. Nemendur eru virkir þátttakendur í að setja sér markmið í námi. Nemendum er kennt að setja sér markmið í námi. Nemendur og foreldrar eru með í ráðum um skipulag náms og persónumiðuð námsmarkmið.
Ábyrgð og þátttaka	Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins. Nemendur eru virkir þátttakendur í ákvörðunum um skólastarfið í heild. Nemendur hafa skýr tækifæri til að tjá sig um öll þau málefni sem tengjast þeim. Andmælaréttur er virtur og gert ráð fyrir almennri þátttöku nemenda við stefnumótun og aðgerðum sem stuðla að jákvæðum skólabrag.

Heildarniðurstaða innra mats skólaárið 2024-2025

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

Umbótaáætlun skólaársins 2025-2026

Á skólaárinu lagði gæðaráð mat á umbótaáætlun frá vori 2024, sem voru umbætur vegna mats á námi og kennslu og stjórnun og faglegri forystu. Þá var lagt fyrir heildarmat á námi og kennslu í öllum sex þáttunum sem fléttaðist inn í umbótaáætlun. Fyrir liggur að setja þarf í umbætur á næsta skólaári þætti úr öllum sex köflum náms og kennslu. Þá er umbótapáttur úr stjórnun og faglegri forystu áfram í umbótaáætlun en það snýr að mati á frístundarstarfi. Fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar er að undirbúa heildstætt mat fyrir þennan málaflokk. Það var einnig í umbótum að stjórnandi fundi með fulltrúum sem gegna hlutverki í foreldrafélagi og/eða bekkjarfulltrúum en sá fundur var ekki haldinn og stefnt er að því næsta haust. Hins vegar var útbúinn veglegur kynningarbæklingur sem snýst um samstarf við fulltrúa foreldra og mun sá bæklingur liggja til grundvallar á fundi næsta haust.

Stjórnun og fagleg forysta							
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1	Skólinn stendur fyrir fræðslufundi á haustin fyrir fulltrúa foreldra og grenndarsamfélags sem gegna trúnaðarstörfum í stjórnun og ráðum skólans.	Foreldrum í stjórn foreldrafélags og fulltrúar í bekkjarráðum fá fræðslu um sitt hlutverk.	Stjórnendur.	Okt. 2025	Okt. 2025	Kynningarbæklingur Oddeyrarskóla og foreldrafélags. Fundur er haldinn í október með bekkjarfulltrúum úr öllum árgöngum.	Einn fundur í október.
2	Innra mat nær til frístundastarfs og gæðaviðmið MMR/Rvkborgar (eða sambærilegt) nýtt til innra og ytra mats.	Frístundastarf metið sem hluti skólastarfs.	Listar frá fræðslu- og lýðheilsusviði. Stjórnendur.	Haut 2025	Febrúar 2026	Með matslistum fræðslu- og lýðheilsuráðs Akureyrarbæjar.	Niðurstöður matslista jákvæðar miðað við gæðaviðmið.

Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Grunnþættir eru hafðir að leiðarljósi við námsskipulag og viðfangsefnum skólanna gerð skil.	Með endurskoðun á námsvísum/bekkjarnámsskrám.	Stjórnendur og kennarar.	Júní 2025	Janúar 2026	Birtast í námsvísu/bekkjarnámsskrám og kennsluáætlunum.	Er til staðar.
	Grunnþættir stýra vali á viðfangsefnum en tryggt er að jafnframt sé tekið á viðfangsefnum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.	Tengja grunnþætti og barnasáttmála betur við verkefni.	Stjórnendur og réttindaráð. Kennarar.	Sept. 2025	Apríl 2026	Unnið samkvæmt aðgerðaáætlun réttindaráðs.	Samkvæmt áætlun réttindaráðs.
	Grunnþættir stýra vali á viðfangsefnum en tryggt er að jafnframt sé tekið á viðfangsefnum Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.	Tengja Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna betur við verkefni.	Stjórnendur og réttindaráð. Kennarar.	Sept. 2025	Apríl 2026	Unnið samkvæmt aðgerðaáætlun réttindaráðs.	Samkvæmt áætlun réttindaráðs.

	Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í námsvísum og áætlunum um nám.	Með endurskoðun á námsvísum/bekkjarnámskrám.	Stjórnendur og kennarar.	Júní 2025	Janúar 2026	Birtast í námsvísum/bekkjarnámskrám og kennsluáætlunum.	Samkvæmt áætlun réttindaráðs.
	Í námsvísum kemur fram hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni allra nemenda.	Með endurskoðun á námsvísum/bekkjarnámskrám.	Stjórnendur og kennarar	Júní 2025	Janúar 2026	Birtast í námsvísum/bekkjarnámskrám og kennsluáætlunum.	Er til staðar.
	Í áætlun um sérstakan stuðning við nemendur kemur fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er háttað hverju sinni.	Ljúka við og birta áætlun um stoðþjónustu og stoðkennslu í Oddeyrarskóla.	Stjórnendur og stoðteymi.	Vor 2025	Sept. 2025	Áætlun sett fram, kynnt hagsmunaðilum og birt í skólanámskrá.	Er til staðar.
	Áætlun um sérstakan stuðning. Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur fer að jafnaði fram innan námsumhverfis bekkjarins. Markmið eru metin reglubundið.	Lista upp þá sem þurfa einstaklingsnámskrá og aðra aðlögun námslega eða félagslega. Einstaklingsáætlanir gerðar fyrir þá sem ekki vinna að markmiðum í námsvísum/bekkjarnámskrá.	Ábyrgð Umsjónarkennara og stoðteymi.	Ágúst 2025	Sept. 2025 og í stöðugri endurskoðun.	Einstaklingsáætlun sé til staðar fyrir þá sem þurfa.	Einstaklingsáætlun sé til staðar fyrir þá sem þurfa.

Árangur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Fjölbreyttar námsmatsaðferðir eru notaðar. Nemandinn er virkur þátttakandi í mati á eigin framförum, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum um námsmat sem liggja til grundvallar í kennsluáætlunum út frá hæfniviðmiðum.	Nemendur verði virkari þátttakendur í námsmati og mati á eigin framförum s.s. með sjálfsmati og jafningjamati. Áframhaldandi innleiðing á leiðsagnarnámi.	Stjórnendur og kennarar.	Ágúst 2025	Des. 2025	Samræður við kennara og nemendur. Rýnihópar nemenda.	Jákvæðar niðurstöður úr samtölum við nemendur.
Gæði kennslu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Í einstaklingsnámskrám er tilhögun stuðnings við einstaka nemendur skráð og sá stuðningur er metinn reglulega. Einstaklingsnámskrá tekur mið af námsvísunum og áætlunum hópans.	Áhersla á að umsjónarkennari og stoðteymi fylgi því eftir að útbúnar verði einstaklingsnámskrár fyrir þá nemendur sem á þurfa að halda ef þeir víkja frá markmiðum bekkjarins. Einstaklingsnámskrár ræddar og metnar á teymisfundum.	Ábyrgð umsjónarkennari og stoðteymi.	Ágúst 2025	Sept. 2025 og í stöðugri endurskoðun.	Einstaklingsáætlun sé til staðar fyrir þá sem þurfa.	Lista upp þá sem þurfa einstaklingsnámskrá og aðra aðlögun námslega eða félagslega og sjá hvort er til staðar.

	Markmið kennslu og verkefna eru skráð í námsáætlunum og í tengslum við aðalnámskrá.	Endurskoðun námsvísa/bekkjarnámskráa í tengslum við endurskoðun aðalnámsskrár.	Allir kennarar endurskoða námsvísa.	Ágúst 2025	Apríl 2026	Athugað hvort er til staðar.	Námsvísar liggi fyrir í öllum greinum í öllum bekkjum.
	Nemendur þekkja eigin námsstíl og hafa val um margvíslegar leiðir að markmiðum sínum.	Leiðsagnarnám, samræður kennara og nemenda, markviss endurgjöf.	Kennarar	Ágúst 2025	Apríl 2026	Samtöl við rýnihópa nemenda.	Nemendur svara á jákvæðum nótum.
Skipulag náms	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Formleg leiðbeinandi samtöl fara fram á milli kennara og nemenda um nám og námsframvindu nemandans.	Tímasetja hvenær nemendasamtölum á að vera lokið. Stuðningur við þá kennara sem óska eftir.	Umsjónarkennarar á miðstigi.	Sept. 2025	Mars 2026	Gengið úr skugga um hvort allir nemendur hafi farið í samtal.	Allir nemendur hafa farið í samtal við kennara a.m.k. tvisvar á skólaárinu.
	Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt til náms og verkefni nemenda bera þess merki.	Áætlun um skipulag grenndarkennslu.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2025	Sept. 2025	Áætlun tilbúin.	Áætlun um grenndarkennslu liggur fyrir.
Námsvitund	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.	Aukin vinna með námsvitund nemenda.	Kennarar	Ágúst 2025	Apríl 2026	Innlit stjórnenda í kennslustundir og rýnihópar	Nemendur eru virkir og áhugasamir.

						nemenda. Virknithuganir.	
	Nemendur gera sér grein fyrir þeim hæfniviðmiðum og leiðum sem þeir þurfa að vinna að til að ná markmiðum sínum og árangri í námsverkefnum.	Hafa markmið sýnileg nemendum og í stöðugri umræðu.	Kennarar	Ágúst 2025	Apríl 2026	Rýnihópar nemenda.	Nemendur staðfesta í samtölum þeir geri sér grein fyrir hæfniviðmiðum og þeir viti hvaða leiðir á að fara til að ná markmiðum.
	Nemendur eru virkir þátttakendur í að setja sér markmið í námi.	Nemendur setja sér eitt til tvö námsleg markmið í samtölum kennara og nemenda	Kennarar	Sept. 2025	Mars 2026	Rýnihópar nemenda og kennara.	Staðfest að nemendur hafi sett sér markmið á skólaárinu.
	Nemendum er kennt að setja sér markmið í námi.	Eitt til tvö námsleg markmið í samtölum kennara og nemenda bæði í formlegu samtali og óformlegu	Kennarar	Sept. 2025	Mars 2026	Rýnihópar nemenda og kennara.	Staðfest að nemendur hafi sett sér markmið á skólaárinu.
	Nemendur og foreldrar eru með í ráðum um skipulag náms og persónumiðuð námsmarkmið.	Ábyrgð og þátttaka foreldra aukin í skipulagi náms barna sem eru með þjónustuteymi	Teymisstjórar í þjónustuteym um og umsjónarkennarar	Ágúst 2025	Apríl 2025	Sjónarmið foreldra komi fram í einstaklingsáætlun.	Sjónarmið foreldra koma fram við skoðun áætlana.
Ábyrgð og þátttaka	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

	Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.	Krakkaspjall, bekkjarfundir, SMT skólafærni, ART, SEL	Allir starfsmenn	Ágúst 2025	Apríl 2026	Rýnihópar nemenda og starfsmanna.	Þátttakendur í rýnihópum staðfesta að skólabragur sé jákvæður.
	Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.	Krakkaspjall, Bekkjarfundir, SMT skólafærni, ART, SEL	Starfsmenn og nemendur	Ágúst 2025	Apríl 2026	Skólapúls og rýnihópar nemenda.	Jákvæðar niðurstöður skv. Skólapúlsi og rýnihópum.
	Nemendur eru virkir þátttakendur í ákvörðunum um skólastarfið í heild. Nemendur hafa skýr tækifæri til að tjá sig um öll þau málefni sem tengjast þeim. Andmælaréttur er virtur og gert ráð fyrir almennri þátttöku nemenda við stefnumótun og aðgerðum sem stuðla að jákvæðum skólabrag.	Stofnum réttindaráðs UNICEF. Fulltrúar nemenda í skólaráði fá leiðsögn varðandi undirbúning fyrir fundi og tækifæri til að ræða málefnið við bekkjarfélaga.	Réttindaráð og stjórnendur.	Ágúst 2025	Apríl 2026	Unnið samkvæmt aðgerðaáætlun réttindaráðs.	Samkvæmt áætlun réttindaráðs.

Lokaorð

Umbótaskýrsla verður leiðarljós í innra mati skólaársins 2025-2026 ásamt þættinum *stjórnun og fagleg forysta*. Þegar búið er að meta stjórnun og faglega forystu er búið að fara tvær umferðir með alla matslista Akureyrarbæjar sem nú hafa verið endurskoðaðir í sjötta sinn. Verkefnin framundan eru að útbúa starfsáætlun gæðaráðs næsta skólaár, skerpa á matsviðmiðum og auka fjölbreytni í mati. Sérstaklega er horft til þess að vinna með rýnihópum hagsmunaaðila til viðbótar við það sem nú þegar hefur verið gert í innra matinu.

Vinna gæðaráðs í Oddeyrarskóla gekk vel. Í gæðaráði voru auk stjórnenda fulltrúar kennara af öllum stigum sem hafði góð áhrif og góða tengingu við kennara. Stjórnendur áttu líka sæti í öllum teymum og sátu fundi ásamt teymisstjórum. Margt gott hefur áunnist en við setjum markmið enn hærra þar sem vinnubrögð kennara eru til fyrirmyndar og nemendur fá menntun við hæfi. Gæðaráð fundaði vikulega og var starfsáætlun gæðaráðs fyrir skólaárið leiðarstef þeirra funda.

Verklag við innra mat hefur tekið nokkrum breytingum síðustu skólaár með tilkomu gæðaráðs í skólanum eins og öllum grunnskólum Akureyrar. Nokkurn tíma tók að móta umgjörð innra matsins og hvaða leiðir og þættir í mati ættu að ráða ríkjum.

Skýrsluna rituðu fyrir hönd gæðaráðs 12. júní 2025:

Anna Bergrós Arnarsdóttir, Fjóla Kristín Helgadóttir og Margrét Th. Aðalgeirsdóttir